

Vægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Ísland og alþjóðlegur samanburður

Helstu niðurstöður

- 17.300 launagreiðendur voru í atvinnulífinu árið 2013
- Fyrirtæki með færri en 250 starfsmenn flokkast sem lítil og meðalstór fyrirtæki
- 99,6% fyrirtækja á Íslandi eru lítil og meðalstór fyrirtæki
- Lítil og meðalstór fyrirtæki höfðu 71% starfsmanna í atvinnulífinu í vinnu árið 2013
- Lítil og meðalstór fyrirtæki greiddu 66% heildarlauna í atvinnulífinu árið 2013
- Litlum og meðalstórum fyrirtækjum fjölgaði um 500 (3%) milli áráanna 2012 og 2013
- Starfsmönnum lítilla og meðalstórra fyrirtækja fjölgaði um 1.400 (3%) milli 2012 og 2013
- Heildarlaunagreiðslur í atvinnulífinu námu 584 milljörðum króna árið 2013 og jukust um 8% frá árinu 2012.
- Heildarlaunagreiðslur jukust um 9% hjá örfyrirtækjum, 10% hjá litlum fyrirtækjum, 9% hjá meðalstórum fyrirtækjum og 6,5% hjá stórfyrirtækjum.
- Meðaltekjur starfsmanna fara hækkandi með stærð fyrirtækja. Meðaltekjur í litlum fyrirtækjum voru 384.000 kr. á mánuði árið 2013, 434.000 í meðalstórum fyrirtækjum en 464.000 kr. í stórum fyrirtækjum. Meðallaunin voru þannig 12% hærrí í stórum fyrirtækjum en í litlum og meðalstórum fyrirtækjum.
- Á hverju ári er mikill fjöldi fyrirtækja stofnaður og færri hættir starfsemi.
- Árið 2013 voru um 2.400 fyrirtæki starfandi sem ekki voru til árið 2012. Fjölgunin var 17%. Langflest þeirra voru örfyrirtæki
- Árið 2013 hættu 1.900 fyrirtæki starfsemi sem voru starfandi 2012.
- Ísland sker sig ekki úr hvað varðar hlutfallslegan fjölda lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Í ESB er hlutfall þeirra 99,8% og 99,7% í Svíþjóð, samanborið við 99,8% á Íslandi

Inngangur

Hagtölur um fyrirtæki eftir stærð eru ekki birtar hér á landi en liggja almennt fyrir í nágrannaríkjunum og eru m.a. birtar á vef ESB árlega¹. Upplýsingar ESB fjalla um fjölda fyrirtækja, starfsmannafjölda og virðisauka eftir stærð fyrirtækja í mismunandi atvinnugreinum. Upplýsingarnar gefa færi á að leggja mat á mikilvægi smárra, meðalstórra og stórra fyrirtækja í sköpun atvinnu og verðmæta. Jafnframt er unnt að leggja mat á þróunina, t.d. hvaða stærðarflokkar fyrirtækja eru í örustum vexti og leggja mest til fjölgunar starfa og aukinnar verðmætasköpunar.

Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að sambærilegar upplýsingar séu útbúnar um íslenskt atvinnulíf. Af því tilefni var þess farið á leit við Hagstofu Íslands í annað sinn að útbúa fyrirtækjatölfræði um íslenskt atvinnulíf á grundvelli staðgreiðsluskrár RSK, sem Hagstofan hefur aðgang að til upplýsingavinnslu, væri til þess fallin að útbúa slíka fyrirtækjatölfræði um íslenskt atvinnulíf. Enn er staðgreiðsluskráin í vinnslu og þróun til nýtingar við hagskýrslugerð og því verður að líta á

¹ „Fyrirtæki og atvinnulíf“ er eitt málefna sviðanna á vefsetri ESB“. Þar skipa upplýsingar um lítil og meðalstór fyrirtæki veglegan sess og er m.a. gefin út sérstök ársskýrsla um þennan flokk fyrirtækja. Sjá:

http://ec.europa.eu/enterprise/policies/sme/facts-figures-analysis/performance-review/index_en.htm

niðurstöður sem bráðabirgðaniðurstöður, sem þó gefur góða vísbendingu um stöðu mála. Gögnin eru þeim annmörkum háð að þau innihalda ekki upplýsingar um stóran hluta einyrkja.

Gögn Hagstofunnar fela í sér flokkun íslenskra fyrirtækja eftir stærð þar sem í hverjum stærðarflokki kemur fram fjöldi fyrirtækja, fjöldi starfsmanna og heildarlaunagreiðslur. Á síðasta ári voru teknar saman upplýsingar um árin 2010 og 2012, en að þessu sinni var árinu 2013 bætt við.

Hagstofan veitti umbeðnar upplýsingar í nóvember 2013. Upplýsingarnar taka til allra launagreiðenda að undanskildum stofnunum ríkis og sveitarfélaga, lífeyrissjóðum eða félagasamtökum.

Niðurstöðurnar ættu því að samsvara almennum skilningi á hugtakinu atvinnulíf (e. business sector).

Fyrirtæki eru yfirleitt flokkuð í fjóra flokka eftir stærð; örfyrirtæki, lítil fyrirtæki, meðalstór fyrirtæki og stór fyrirtæki. Flokkunin fer eftir starfsmannafjölda og eru örfyrirtæki með færri en 10 starfsmenn, lítil fyrirtæki með 10-49 starfsmenn, meðalstór fyrirtæki með 50-249 starfsmenn og stór fyrirtæki með 250 starfsmenn eða fleiri. Öll fyrirtæki með færri en 250 starfsmenn flokkast þannig sem lítil og meðalstór fyrirtæki.

Fjöldi launagreiðenda í atvinnulífinu árið 2013 eftir stærð

Árið 2013 voru 17.228 launagreiðendur í atvinnulífinu, eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu. Rétt er að ítreka að einyrkjar eru þarna ekki meðtaldir. Langflest fyrirtækin voru örfyrirtæki, 15.493, (89,6%), lítil fyrirtæki voru 1.465, (8,5%), 270 voru meðalstór, (1,6%) og 71 var stórt (0,4%). 99,6% launagreiðenda í atvinnulífinu flokkast þannig sem lítil og meðalstór fyrirtæki.

Hjá örfyrirtækjunum starfaði 26% starfsmanna í atvinnulífinu, 24% hjá litlum fyrirtækjum, 21% hjá meðalstórum fyrirtækjum og 29% hjá stórum fyrirtækjum.

Örfyrirtæki greiddu 19% heildarlaunagreiðslna, litlu fyrirtækin 23%, meðalstóru 24% og stóru fyrirtæki 34%. Hlutdeild lítilla fyrirtækja er þannig lægra í launagreiðslum en í starfsmannafjölda.

Fjöldi og hlutfallsleg skipting launagreiðenda, launþega og launagreiðslna eftir stærð fyrirtækja árið 2013						
Fjöldi launþega	Launagreiðendur		Launþegar		Heildarlaun, ma.kr.	
	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Laun	Hlutf.
1-9	15.493	89,6%	32.325	26,1%	112.822	19,3%
10-49	1.465	8,5%	29.247	23,7%	134.748	23,1%
50-249	270	1,6%	26.508	21,4%	138.132	23,7%
250-	71	0,4%	35.544	28,8%	197.835	33,9%
Samtals	17.299	100%	123.624	100%	583.537	100%
Þ.a. 1-249	17.228	99,6%	88.080	71,2%	385.702	66,1%

Breytingar milli ára 2012 og 2013

Fyrirtækjum fjölgaði um 506 (3,0%) milli ára 2012 og 2013. Örfyrirtækjum fjölgaði um 487 (3,2%) og um 8 (0,5%) í flokki lítilla fyrirtækja. Meðalstórum fyrirtækjum fjölgaði um 10 (3,8%) og stórum fyrirtækjum um 1 (1,4%). Litlum og meðalstórum fyrirtækjum fjölgaði um 505 (3,0%).

Starfsmönnum í atvinnulífinu fjölgaði um 3.334 (3,9%) milli ára 2012 og 2013. Í örfyrirtækjunum fjölgaði þeim um 1.145 (3,7%) og í litlum fyrirtækjum um 826 (2,9%). Í hópi meðalstórra fyrirtækja fjölgaði starfsmönnum um 1.363 (5,4%) og starfsmönnum stórfyrirtækja fjölgaði um 660 (1,9%). Starfsmönnum lítilla og meðalstórra fyrirtækja fjölgaði um 3.334 (3,9%).

Heildarlaunagreiðslur í atvinnulífinu námu 583 milljörðum króna árið 2013 og jukust um 8,9% frá árinu 2012. Í örfyrirtækjunum jukust þær um 8,6%, um 8,9% hjá litlum fyrirtækjum, um 9,0% hjá meðalstórum fyrirtækjum og um 6,4% hjá stórfyrirtækjunum. Launagreiðslurnar jukust um 8,9% hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Fjöldi og fjölgun launagreiðenda, launþega og launagreiðslur eftir stærð fyrirtækja árin 2010 og 2012												
Fjöldi launþega	Launagreiðendur				Launþegar				Heildarlaun, ma.kr.			
	2012	2013	Fjölgun	%	2012	2013	Fjölgun	%	2012	2013	Fjölgun	%
1-9	15.006	15.493	487	3,2%	31.180	32.325	1.145	3,7%	103.874	112.822	8.948	8,6%
10-49	1.457	1.465	8	0,5%	28.421	29.247	826	2,9%	123.742	134.748	11.005	8,9%
50-249	260	270	10	3,8%	25.145	26.508	1.363	5,4%	126.711	138.132	11.420	9,0%
250-	70	71	1	1,4%	34.884	35.544	660	1,9%	185.995	197.835	11.840	6,4%
Samtals	16.793	17.299	506	3,0%	119.630	123.624	3.994	3,3%	540.322	583.537	43.214	8,0%
þ.a. 1-249	16.723	17.228	505	3,0%	84.746	88.080	3.334	3,9%	354.327	385.702	31.374	8,9%

Meðalárslaun á starfsmann

Hjá örfyrirtækjunum voru meðalárslaun á starfsmann 3,5 m.kr. árið 2013 (278.000 á mánuði) og hækkuðu um 4,8% frá 2012. Í litlu fyrirtækjunum voru meðalárslaunin 4,6 m.kr. (363.000 kr. á mánuði) og 5,2 m.kr. (420.000 kr. á mánuði) í meðalstóru fyrirtækjunum. Í stóru fyrirtækjunum voru meðalárslaunin 5,6 m.kr. (444.000 kr. á mánuði). Meðalárslaun í litlum og meðalstórum fyrirtækjum voru 4,4 m.kr. (348.000 kr. á mánuði).

Meðalárslaun, m.kr., eftir stærð			
Fj. launþ.	2012	2013	%
1-9	3,3	3,5	4,8%
10-49	4,4	4,6	5,8%
50-249	5,0	5,2	3,4%
250-	5,3	5,6	4,4%
Samtals	4,5	4,7	4,5%
þ.a. 1-249	4,2	4,4	4,7%

Ný fyrirtæki 2013 m.v. 2012 og horfin 2013 m.v. 2012

Á hverju ári er mikill fjöldi fyrirtækja stofnaður og álíka mikill fjöldi hættir starfsemi. Árið 2013 voru 3.977 fyrirtæki starfandi sem ekki voru til árið 2010. Nánast öll ný fyrirtæki voru örfyrirtæki en rúmlega 100 voru lítil fyrirtæki, 6 meðalstór og 2 stór. Skýringin á því að þessi meðalstóru fyrirtæki og stóru fyrirtæki sem voru starfandi árið 2012 en ekki til árið 2010 liggur efalaust í því að þau hafa skipt um kennitölur vegna samruna við önnur fyrirtæki.

Fjöldi þeirra fyrirtækja sem voru hætt starfsemi árið 2012 en voru starfandi árið 2010 var 3.855 og voru örfyrirtæki þar af 3.744, lítil fyrirtæki 90, meðalstór fyrirtæki 18 og stór fyrirtæki 3.

Hlutfallsleg fjölgun fyrirtækja milli árána 2010 og 2012 vegna nýstofnunar var 17% en fækkun fyrirtækja vegna þeirra sem hættu starfsemi var 16%.

Ný og horfin fyrirtæki milli árána 2010 og 2012					
Fjöldi launþega	Fjöldi launþega greiðenda 2012	Nýir 2012 sem voru ekki til 2010	Horfnir 2012 sem voru til 2010	Hlutfallsleg fjölgun vegna nýrra	Hlutfallsleg fækkun vegna horfinna
1-9	22.974	3.869	3.744	17%	17%
10-49	1.570	102	90	7%	6%
50-249	266	6	18	2%	7%
250-	72	2	3	3%	4%
Samtals	24.882	3.979	3.855	17%	16%
þ.a. 1-249	24.810	3.977	3.852	17%	16%

Viðauki. Ítarlegri sundurliðun eftir stærð fyrirtækja

Fjöldi og hlutfallsleg skipting launagreiðenda, launþega og launagreiðslna eftir stærð fyrirtækja árið 2012									
Fjöldi launþega	Launagreiðendur			Launþegar			Heildarlaun, ma.kr.		
	Fjöldi	Hlutf.	Upps. %	Fjöldi	Hlutf.	Upps. %	Laun	Hlutf.	Upps. %
1	15.282	61,4%	61,4%	15.282	11,4%	11,4%	29.752	5,4%	5,4%
2	3.454	13,9%	75,3%	6.908	5,1%	16,5%	17.260	3,1%	8,5%
3-5	3.040	12,2%	87,5%	11.279	8,4%	24,9%	34.993	6,3%	14,8%
6-9	1.198	4,8%	92,3%	8.622	6,4%	31,4%	32.234	5,8%	20,6%
10-14	684	2,7%	95,1%	7.923	5,9%	37,3%	31.553	5,7%	26,3%
15-19	321	1,3%	96,4%	5.361	4,0%	41,3%	21.755	3,9%	30,2%
20-29	302	1,2%	97,6%	7.099	5,3%	46,5%	30.379	5,5%	35,7%
30-39	158	0,6%	98,2%	5.323	4,0%	50,5%	22.683	4,1%	39,7%
40-49	105	0,4%	98,6%	4.593	3,4%	53,9%	20.562	3,7%	43,4%
50-99	167	0,7%	99,3%	11.146	8,3%	62,2%	51.119	9,2%	52,7%
100-249	99	0,4%	99,7%	14.766	11,0%	73,2%	74.396	13,4%	66,1%
250-	72	0,3%	100,0%	35.940	26,8%	100,0%	188.435	33,9%	100,0%
Samtals	24.882	100%	100%	134.242	100%	100%	555.120	100%	100%
p.a. 1-249	24.810	99,7%	99,7%	98.302	73,2%	73,2%	366.685	66,1%	66,1%

Fjöldi og fjölgun launagreiðenda, launþega og launagreiðslna eftir stærð fyrirtækja árin 2010 g 2012												
Fjöldi launþega	Launagreiðendur				Launþegar				Heildarlaun, ma.kr.			
	2010	2012	Fjölgun	%	2010	2012	Fjölgun	%	2010	2012	Aukn.	%
1	14.741	15.282	541	4%	14.741	15.282	541	4%	25.858	29.752	3.894	15%
2	3.310	3.454	144	4%	6.620	6.908	288	4%	14.491	17.260	2.770	19%
3-5	2.994	3.040	46	2%	11.107	11.279	172	2%	31.706	34.993	3.287	10%
6-9	1.283	1.198	-85	-7%	9.215	8.622	-593	-6%	30.719	32.234	1.514	5%
10-14	615	684	69	11%	7.164	7.923	759	11%	25.509	31.553	6.044	24%
15-19	301	321	20	7%	5.053	5.361	308	6%	18.227	21.755	3.527	19%
20-29	292	302	10	3%	6.894	7.099	205	3%	26.367	30.379	4.012	15%
30-39	165	158	-7	-4%	5.612	5.323	-289	-5%	22.761	22.683	-79	0%
40-49	80	105	25	31%	3.533	4.593	1.060	30%	13.916	20.562	6.645	48%
50-99	163	167	4	2%	10.933	11.146	213	2%	43.223	51.119	7.896	18%
100-249	99	99	0	0%	15.076	14.766	-310	-2%	66.316	74.396	8.079	12%
250-	70	72	2	3%	34.204	35.940	1.736	5%	149.710	188.435	38.725	26%
Samtals	24.113	24.882	769	3%	130.152	134.242	4.090	3%	468.805	555.120	86.315	18%
p.a. 1-249	24.043	24.810	767	3%	95.948	98.302	2.354	2%	319.095	366.685	47.589	15%

Meðalárslaun, m.kr., eftir stærð			
Fj. launþ.	2012	2010	%
1	1,9	1,8	11,0%
2	2,5	2,2	14,1%
3-5	3,1	2,9	8,7%
6-9	3,7	3,3	12,1%
10-14	4,0	3,6	11,8%
15-19	4,1	3,6	12,5%
20-29	4,3	3,8	11,9%
30-39	4,3	4,1	5,1%
40-49	4,5	3,9	13,7%
50-99	4,6	4,0	16,0%
100-249	5,0	4,4	14,5%
250-	5,2	4,4	19,8%
Samtals	4,1	3,6	14,8%
þ.a. 1-249	3,7	3,3	12,2%

Ný og horfin fyrirtæki milli áráanna 2010 og 2012					
Fjöldi launþega	Fjöldi launagreiðenda 2012	Nýir 2012 sem voru ekki til 2010	Horfnir 2012 sem voru til 2010	Hlutfallsleg fjölgun vegna nýrra	Hlutfallsleg fækkun vegna horfinna
1	15.282	3.117	2.999	21%	20%
2	3.454	387	354	12%	11%
3-5	3.040	280	277	9%	9%
6-9	1.198	85	114	7%	9%
10-14	684	51	44	8%	7%
15-19	321	20	21	7%	7%
20-29	302	11	17	4%	6%
30-39	158	14	4	8%	2%
40-49	105	6	4	8%	5%
50-99	167	4	10	2%	6%
100-249	99	2	8	2%	8%
250-	72	2	3	3%	4%
Samtals	24.882	3.979	3.855	17%	16%
þ.a. 1-249	24.810	3.977	3.852	17%	16%

Heimildir:

Ecorys. EU SMEs in 2012: at the crossroads. Annual report on small and medium-sized enterprises in the EU, 2011/12. Client: European Commission. Rotterdam, September 2012.

Hagstofa Íslands. Sérvinnsla úr staðgreiðsluskrá, unnin fyrir SA í september 2013.



Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Samorka eru bakhjarlar Litla Íslands.

Litla Ísland er á Facebook: www.facebook.com/litlaisland